




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 24. nóvember 2016  
SFS2016050047  
6.0  
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð



### ***Efni: Lokun Mýrar***

Á 109. fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. nóvember 2016, með áorðnum breytingum:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að hætt verði rekstri leikskólans Mýrar frá og með 15. júlí 2017. Foreldrar barna sem nú eru á Mýri fái forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sviðsstjóra er falið að stofna samráðshóp sem saman stendur af fulltrúum stjórnenda á Mýri, foreldrum barna á Mýri og fulltrúa skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samráðshópurinn ber ábyrgð á upplýsingagjöf og samráði við foreldra og skipuleggur yfirfærslu barnanna á nýja leikskóla. Samráðshópurinn aðstoðar starfsmenn Mýrar við að finna sambærileg störf og gætir að hagsmunum þeirra er kemur að vinnurétti. Samráðshópurinn hefur umsjón með lokun leikskólans, frágangi gagna og skilum húsnæðis. Samráðshópurinn starfar til 1. september 2017 en þá er miðað við að öllum verkþáttum sé lokið.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lögð fram umsögn fulltrúa foreldra barna í leikskólanum Mýri og umsögn fulltrúa starfsfólks í leikskólanum Mýri.

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að afar veikur grundvöllur væri fyrir áframhaldandi rekstri leikskólans Mýrar vegna mikillar fækkunar barna í leikskólanum. Foreldrar óskuðu eftir rúmum tíma til að aðlagast breyttum veruleika og var orðið við því. Væntingar um fjölgun barna hafa ekki gengið eftir og er því ljóst að ekki er grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri. Börnum sem nú eru á Mýri verður tryggð dvöl á leikskólum og munu viðkomandi börn njóta forgangs í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Þá mun starfsfólk Mýrar fá aðstoð við að útvega sér sambærileg störf, t.d. í öðrum leikskólum borgarinnar.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gera alvarlega athugasemd við þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við lokun leikskólans Mýrar. Sú leið var farin að skapa óvissu um rekstur leikskólans og þrengja að rekstri hans, sem leiddi til þess að nýskráningum barna fækkaði mjög og reynslumikið starfsfólk hvarf á brott. Þannig var búið í haginn fyrir lokun leikskólans sem nú hefur verið samþykkt. Þessi aðferðafræði hefur haft óþægindi og kvíða í för með sér fyrir börn, foreldra og starfsfólk á leikskólanum Mýri og augsýnilega vegið þungt í brotthvarfi starfsfólks og barna yfir í aðra leikskóla og í önnur störf eins og bent er á í umsögn foreldra. Ljóst er að meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ber alla ábyrgð á þessum ámælisverðu vinnubrögðum.

Ekki hefur verið kannað til hlítar hvort skynsamlegt sé að leggja leikskólann Mýri niður þegar mið er tekið af mikilli fjölgun barna Vesturbænum og Skerjafirði, sem fyrirhuguð er með þéttingu byggðar og þá ekki síst viðamikilli uppbyggingu fjölbýlishúsa. Einnig hefði mátt skoða hvort unnt væri að hefja samstarf við Félagsstofnun stúdenta, sem hefur ítrekað óskað eftir fjölgun leikskólarýma vegna mikillar eftirspurnar, um rekstur leikskólans sem er örstutt frá þeim þremur skólum sem FS rekur nú þegar.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð sviðsstjóra, dags. 21. nóvember 2016

Umsögn fulltrúa foreldra barna á leikskólanum Mýri

Umsögn fulltrúa starfsfólks á leikskólanum Mýri



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** *Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi rekstur leikskólans Mýrar*

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að hætt verði rekstur leikskólans Mýrar frá og með 1. júlí 2017. Foreldrar barna sem nú eru á Mýri fái forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sviðsstjóra er falið að stofna samráðshóp sem saman stendur af fulltrúum stjórnenda á Mýri, foreldrum barna á Mýri og fulltrúa skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samráðshópurinn ber ábyrgð á upplýsingagjöf og samráði við foreldra og skipuleggur yfirfærslu barnanna á nýja leikskóla. Samráðshópurinn aðstoðar starfsmenn Mýrar við að finna sambærileg störf og gætir að hagsmunum þeirra er kemur að vinnurétti. Samráðshópurinn hefur umsjón með lokun leikskólans, frágangi gagna og skilum húsnæðis. Samráðshópurinn starfar til 1. september 2017 en þá er miðað við að öllum verkþáttum sé lokið.

**Greinargerð:**

Á 99. fundi skóla- og frístundaráðs var lögð fram tillaga um að sameina leikskólana Hagaborg og Mýri undir eina stjórn. Sameiningin kæmi til framkvæmda þann 1. september 2016 og gildi til 1. júlí 2017. Á fundinum var samþykkt vísa tillögunni til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga Hagaborgar og Mýrar og að farið yrði yfir faglegar forsendur leikskólanna Hagaborgar og Mýrar í tengslum við tillögu um sameiningu leikskólanna.

Á 101. fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt tillaga um að sameina leikskólanna Hagaborg og Mýri undir eina stjórn frá 1. september 2016 til 30. júní 2017. Jafnframt var lagt minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um faglegar forsendur sameiningarinnar ásamt umsögnum foreldraráða, foreldrafélaga og starfsfólks Mýrar og Hagaborgar.

Á 102. fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt tillaga Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að lokaákvörðun um lokun Mýrar yrði seinkað frá 1. september 2016 til 1. nóvember 2016 til að svigrúm gæfist til að meta stöðu mála eftir að sameiningarferlið hefði staðið yfir í nokkurn tíma og reynsla þess farin að koma í ljós.

Á 107 fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt að vísa tillögu um að rekstri Mýrar yrði hætt 1. júlí 2017, til umsagnar foreldraráðs og starfsmanna.

Í umsögn foreldra barna á Mýri kemur fram að þeir telji að hugmyndir um að leggja af rekstur Mýrar valdi óvissu og kvíða barna, foreldra og starfsfólks og hafi haft þær afleiðingar að skólastarf sé ekki það sama og áður var. Þar kemur fram að foreldrar telji að ef leikskólinn fengi frið og tækifæri til að rétta úr kútnum eftir hremmingar og óvissu síðustu missera geti hið góða leikskóla- og uppeldisstarf sem þar hefur verið síðustu 30 ár nýst fjölskyldum um ókomna framtíð án þess að vera baggi á rekstri Reykjavíkurborgar.

Í umsögn starfsfólks Mýrar kemur fram að það hafi skilning á erfiðu rekstrarumhverfi leikskóla borgarinnar í Vesturbæ og ákvörðun um að rekstri leikskólans Mýrar verði hætt, að því tilskyldu að kannað hafi verið að ekki sé fyrirsjáanleg fjölgun barna hverfinu m.a. með uppbyggingu nýrra fjölbýlishúsa. Starfsfólk Mýrar tekur undir tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs frá 21. október 2016 um að foreldrar á Mýri fái forgang fyrir börn sín og fari fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í en benda jafnframt á að þar sem leikskólinn lokar 1. júlí þurfi börnin að geta byrjað á nýja leikskólanum þriðjudaginn 1. ágúst eftir fjögurra vikna sumarfrí. Að lokum tekur starfsfólk Mýrar einnig undir tillögu um að starfsfólk Mýrar fái aðstoð við að finna sambærileg störf innan borgarinnar og að gætt verði að réttindum og hagsmunum hvers og eins starfsmanns þegar kemur að vinnurétti.

Þann 1. september 2016 voru leikskólarnir Hagaborg og Mýri sameinaðir tímabundið undir eina stjórn til eins árs, að fenginni tillögu vinnuhóps sem skipaður var fulltrúum foreldra og starfsfólks. Ástæðan var bæði vegna breytinga á yfirstjórn Mýrar og fækkunar barna í Vesturbæ.

Þann 16. nóvember 2016 voru 29 börn á Mýri, af þeim eru 9 börn á elsta ári, 8 börn fædd 2012, 9 börn fædd 2013, 2 börn fædd 2014 og eitt barn fætt árið 2015. Tvö barnanna í Mýri hætta núna í desembermánuði. 16. nóvember voru 10 börn á biðlista leikskólans en aðeins tvö þeirra með Mýri sem fyrsta val, þau börn eru fædd í apríl og júlí 2015.

Til að halda uppi metnaðarfullu leikskólastarfi þarf að tryggja góða aldursblöndun og þurfa börnin að hafa val um félag. Ekki er fyrirsjáanleg fjölgun barna á leikskólaaldri í Vesturbænum í náinni framtíð og hefur stýring í leikskólum í Vesturbæ verið færð niður um 53 pláss og af þeim eru 15 pláss á Mýri. Þann 18. nóvember 2016 voru 16 pláss laus í Vesturbæ.

Mikilvægt er að eyða óvissu um framtíð Mýrar og taka ákvörðun um framhaldið. Fyrri röksemdir standa óbreyttar þar sem faglegar og rekstrarlegar forsendur eru ekki nægjanlega sterkar. Undir þær röksemdir taka núverandi stjórnendur Hagaborgar og Mýrar, Ólafur B. Bjarkason leikskólastjóri og Ásta Kristín Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri en þau mæla með lokun Mýrar. Stærð leikskólans skapar erfiða rekstrareiningu, starfsmannahópurinn er fámennur og lítið má út af bregða. Fjarlægðin á milli leikskólanna gerir það að verkum að dýrmætur tími fer í ferðir og erfitt er að samnýta. Húsið nýttist illa þar sem áður voru 47 börn og matarkostnaður er hár þar sem matur er aðkeyptur.

### Hér að neðan eru nokkrir punktar settir fram af foreldrum barna á Mýri varðandi lokun leikskólans:

Ástæður sem Reykjavíkurborg gefur fyrir því að ekki sé rekstrargrundvöllur fyrir leikskólastarfi á Mýri í bréfi sínu til foreldra þann 29.4.2016 eru þessar:

1. Leikskólastjóri lætur af störfum (ath: Unnur Jónsdóttir fór á eftirlaun eftir að hafa verið leikskólastjóri á Mýri frá stofnun í 29 ár)
2. Fækkun barna í Vesturbænum
3. Fá börn á Mýri á komandi skólaári (ath: 2016-17)

### Athugasemdir við uppgefnar ástæður:

1. Það ætti varla að koma á óvart að Unnur Jónsdóttir, sem hefur starfað á Mýri alla tíð, færi á eftirlaun.  
Af hverju var staða eftirmanns hennar ekki auglýst með góðum fyrirvara?
2. Þetta er þekkt stærð, enda stór árgangur á leið í fyrsta bekk grunnskóla. Umræður hafa verið í gangi um að lækka aldur á börnum sem tekin verða inn í leikskóla. Það er mikil vöntun á plássi hjá dagforeldrum í Miðbæ og Vesturbæ Reykjavíkur og er það oft nefnt sem ein af ástæðum þessarar tillögu.  
Við teljum að það vanti sér í lagi starfsfólk á leikskóla Reykjavíkur og þar af leiðandi sé ekki unnt að sinna þessum málefnum sem skyldi.
3. Lokað var fyrir nýjar umsóknir barna á Mýri skömmu eftir að þessi óvissa um framtíð leikskólans kom upp. Það telst þá ekki frétt næmt ef ekki eru nægilega mörg börn á Mýri til að tryggja rekstrargrundvöll, sér í lagi eftir brotthvarf stórs árgangs 2010 í grunnskóla, ef ekki er mögulegt að sækja um leikskóladvöl.

Í sama bréfi er talað um möguleikann á því að veita Leikskólanum Ós afnot af húsnæði Mýrar vegna vilja þeirra til stækkunar. Einnig er þeim möguleika velt upp að ef Ós samþykki að taka að sér rekstur á Mýri þá byðist foreldrum á fráfarandi rekstri að hafa börn sín áfram í leikskóla hjá Ósi í sama húsnæði eða finna sér annan leikskóla í hverfinu.

### Athugasemdir vegna þessarar tillögu:

Ós er einkarekinn leikskóli sem er dýrari en hefðbundinn Reykjavíkuleikskóli. Með þessu væri verið að mismuna fólki á forsendum greiðslugetu. Það hafa ekki allir tök á að greiða hærra dvalargjald fyrir barnið/börnin sín.

Ós er foreldrarekinn leikskóli sem þýðir allt aðra þátttöku foreldra í daglegum rekstri. Það hafa ekki allir foreldrar tök á því að leyfa sér það.

Mýri er leikskóli þar sem sérstök áhersla er lögð á hollt mataræði og umhverfisvernd. Margar hefðir hafa skapast þar í gegnum árin, eins og t.d. sláturgerð foreldra fyrir leikskólann, Skerpluhátíð o.fl. Með yfirtöku annarra aðila á rekstrinum myndu allar venjur og hefðir leggjast af og aðrar áherslur kæmu í staðinn. Væri þetta því í kjölfarið ekki sami náms- né vinnustaður.

---

**Athugasemdir þykir að í yfirferð á fundargerðum SFS og Reykjavíkurborgar kemur hvergi fram þessi fyrirætlun um yfirtöku Óss á húsnæði Mýrar.  
Hvar og hvernig var þessi ályktun lögð fram?**

Athugasemdir þykir að í yfirferð á fundargerðum SFS og Reykjavíkurborgar eru samþykktar fjárveitingar í húsnæðisstyrk til leikskólans Óss á sama tíma og lögð er fram tillaga um samdrátt í rekstri á Mýri vegna óhagstæðs rekstrarkostnaðar, sama leikskóla þess sem húsnæði virðist vera eyrnamerkt undir stækkandi rekstur Óss.

---

11.8.2016 er samþykkt tillaga hjá Skóla- og frístundaráði um að framtíð Leikskólans Mýrar verði ekki ráðin fyrir en 1. nóvember eftir að hlutaðeigandi aðilar; stjórnendur leikskólans Hagaborgar, foreldrar, starfsfólk Mýrar og Reykjavíkurborg, hafi fengið reynslutíma á tímabundna sameiningu leikskólanna Mýrar og Hagaborgar.

Athugasemdir vegna þessarar tillögu:

Í kjölfar þessarar tillögu hætti þónokkuð af starfsfólki sem hafði unnið á Mýri árum saman. Þ.á.m. kokkurinn Auður sem hafði unnið metnaðarfullt starf til að hafa hollan og góðan mat, án nokkurra aukefna og unninnar matvöru, þrátt fyrir mjög knöpp fjárforráð til matarinnkaupa.

Í stað hennar eldamennsku er nú á boðstólum aðkeyptur matur frá Skólaaski.

Ekki getur talist hagkvæmt að hrekja úr starfi matræð sem hagaði matarinnkaupum eftir fjármagnsgetu og kaupa og flytja mat utan úr bæ í staðinn, sem í ofanálagt getur tæpast talist betri kostur næringarlega séð.

Í kjölfar óvissunar sem fylgir þessari tillögu auk brotthvarfs margs lykilstarfsfólks voru einnig margir foreldrar sem kusu að færa börn sín á aðra leikskóla. Matarmenningin sem lagðist af virðist líka hafa spilað hlutverk í því að fólk vildi færa sig um set.

Er auglýsingulega hægt að draga þá ályktun að sú mikla óvissa sem starfsfólki sem og börnum og foreldrum var boðin upp á hafi vegið mjög þungt í brotthvarfi starfsfólks og barna yfir á aðra leikskóla og í önnur störf.

---

Tilraunir SFS til þess að leggja niður rekstur á Mýri með tilheyrandi óvissu og kvíða fyrir börn, foreldra og starfsfólk á Leikskólanum Mýri hafa haft þær afleiðingar að skólastarf á Mýri er ekki lengur eins og áður en þessar aðgerðir hófust. Fækkun í röðum starfsfólks og flutningur barna yfir á aðra leikskóla, sem bein afleiðing óvissu, hefur gert þá hagsmunaðila sem eftir sitja, börn og aðstandendur, veikari fyrir. Við erum færri sem eftir sitjum og erum að reyna að berjast við ofurefli. Við stóðum í þeirri trú að okkur yrði gefinn möguleiki á að sjá hvort ekki væri hægt að fjölga börnum í leikskólanum m.a. vegna aðsóknar fjölskyldufólks í Háskóla Íslands og eftirspurn þeirra á leikskólaplássum. Einnig eru margir sem kjósa minni leikskóla fyrir börn sín vegna allra þeirra góðu eiginleika sem einkenndu starf Mýrar.

Við trúum því að ef Leikskólinn Mýri fær frið og tækifæri til þess að rétta úr kútnum eftir hremmingar og óvissu síðasta eina og hálfra árið, geti hið góða leikskóla- og uppeldisstarf sem þar hefur verið unnið síðustu 30 árin nýst fjölskyldum um ókomna framtíð án þess að vera baggi á rekstri Reykjavíkurborgar.

---

Athugasemdir unnar og skráðar af Guðlaugu Gunnarsdóttir, móður barns á Leikskólanum Mýri

**Tímalína atburða og samskipta vegna tillögu SFS um að leggja niður starfsemi á leikskólanum Mýri**

**29.4.2016 - Bréf berst foreldrum og starfsfólki Mýrar frá Skóla- og frístundasviði:**

Til foreldra barna í leikskólanum Mýri

Efni: Upplýsingar og fundarboð um framtíðarskipan leikskólans Mýrar

Ágætu foreldrar

Undanfarið hefur skóla- og frístundasvið verið að skoða framtíð leikskólans Mýrar bæði út frá því að leikskólastjóri lætur af störfum nú í sumar og ekki síður út frá því að börnum er að fækka í Vesturbænum. Staðan á Mýri er þannig að næsta haust er útilit fyrir að þar verði einungis 30 börn. Ljóst er að sú staða skapar óvissu um framtíð þjónustunnar á Mýri. Skóla- og frístundasvið hefur því verið að leita leiða til að tryggja áframhaldandi leikskólastarf á Mýri.

Leikskólinn Ós við Bergþórugötu í Reykjavík verið að leita að húsnæði fyrir starfsemi sína, en hann er sjálfstætt starfandi leikskóli og rekinn af foreldrum barna sem dvelja þar hverju sinni. Ós vill stækka starfsemina og fara í rýmra húsnæði en þau hafa í dag.

Viðræður hafa staðið yfir á milli skóla- og frístundasviðs og forsvarsmanna Óss síðustu daga um að Ós taki að sér rekstur leikskólans Mýrar, til að tryggja áframhaldandi leikskólaþjónustu í húsinu. Ekki er komin niðurstaða í þær viðræður en reiknað er með að hún liggi fyrir á næstu dögum. Ef hún verður jákvæð liggur fyrir að foreldrum barna í leikskólanum Mýri býðst að hafa börn sín áfram í leikskólanum kjósi þeir það en einnig stendur til boða val um aðra leikskóla í hverfinu. Um þessar mundir eru laus pláss víða í borginni og leitast verður við að koma til móts við óskir foreldra á Mýri sem framast er unnt.

Vegna þessa er boðað til fundar með foreldrum Mýrar þriðjudaginn 3. maí í leikskólanum, klukkan 17:00.

Fundinn sitja fulltrúar SFS og stjórnendur á Mýri sem kynna málið frekar og svara fyrirspurnum. Forsvarsmenn Óss verða gestir fundarins ef niðurstöður viðræðna bjóða upp á það.

Virðingarfyllst,

Hildur Skarphéðinsdóttir,  
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

---

**2.5.2016: Foreldrar halda fund til þess að ræða efni bréfs frá 29.4.2016 og hvernig eigi að bregðast við því.**

---

**3.5.2016 - Fundur fulltrúa foreldra og starfsfólks Mýrar með Skóla- og frístundaráði**

Í kjölfar þessa fundar sendir formaður foreldrafélagsins, Atli Rafn Viðarsson, neðangreindan póst til Skúla Helgasonar, Lífur Magneudóttur, Hildar Skarphéðinsdóttur, Valgerðar Janusardóttur og foreldrafélags Mýrar. Þessi póstur er svo í kjölfarið áframsendur á alla foreldra og starfsfólk :

4.5.2016

Sæl og þakka ykkur fyrir fundinn í gær.

Við, foreldrar og starfsmenn á Mýri, höfum sett saman vinnuhóp sem mun vinna að því markmiði að tryggja áframhaldandi starfsemi Leikskólans Mýri.

Í kvöld er fundur hjá Leikskólanum Ósi og teljum við nokkuð líklegt að niðurstaða fundarins verði á þá leið að foreldrar/starfsmenn kjósi að fara í húsnæði Mýrar í Skerjafirðinum. Eins og kom fram á fundinum í gær þá ríkir engin andúð í garð Ósar en við foreldrar á Mýri erum ekki tilbúnir að ganga inn í það fyrirkomulag sem þar ríkir. Leikskólinn Mýri hefur að okkar mati þá sérstöðu að vera lítill og persónulegur og erum við gríðarlega ánægð með núverandi stefnu og þá vinnu sem unnin hefur verið þar síðustu ár.

Útlit er fyrir að 27 nemendur verði á Mýri næsta skólaár en eins og ljóst var á fundinum í gær þá er einhugur í foreldrum og starfsmönnum að vinna í fjölgun nýskráninga enda skiptir það okkur máli að við fáum tækifæri og meiri tíma í undirbúning. Mikilvægast í allri þessari vinnu er að hagsmunir barnanna séu hafðir að leiðarljósi.

Það sem okkur langar að leggja fram í fyrsta fasa er eftirfarandi:

- Leikskólinn Mýri starfar áfram í eitt skólaár
- Annar leikskóli í Vesturbænum tekur að sér tímabundna stjórnun á Mýri þ.e. leikskólastjórn en ekki föst viðvera
- Deildarstjóri á Mýri starfar sem næsti undirmaður/aðstoðarskólastjóri leikskólastjóra

Ef okkur foreldrum tekst að vinna starf okkar vel, kann að vera að forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi á Mýriverði breyttar við lok skólaársins.

Fyrirfram þakkir fyrir jákvæð viðbrögð og vonandi náum við að leysa þessi mál á farsælan hátt.

**Kær kveðja,**

Vinnuhópur foreldra og starfsmanna á Mýri

---



**10.5.2016 - Bréf berst til foreldra og starfsfólks á Mýri frá Skóla- og frístundasviði**

Ágætu foreldrar barna í leikskólanum Mýri.

Eins og þið voruð upplýst um á fundi í leikskólanum sl. þriðjudag þá hefur skóla- og frístundasvið verið að skoða framtíð leikskólans Mýrar og að leikskólinn Ós við Bergþórugötu í Reykjavík hefur verið að leita að húsnæði fyrir starfsemi sína.

Ós vill stækka starfsemina og fara í nýmra húsnæði og hafa viðræður staðið yfir á milli skóla- og frístundasviðs og forsvarsmanna Óss. Rekstraraðilar Óss hafa nú greint frá því að þeir séu tilbúnir að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um flutning barnaheimilisins Óss í húsnæði Mýrar.

Á fyrrnefndum fund sem fulltrúar skóla- og frístundasviðs ásamt formanni og varaformanni skóla- og frístundaráðs áttum með foreldrum í leikskólanum Mýri 3. maí sl. kom fram ósk um að myndaður yrði samráðshópur fulltrúa foreldra og skóla- og frístundasviðs sem hefði það hlutverk að skoða á hvern hátt farsælast er að vinna þetta mál áfram og gera áætlun um næstu skref.

Fulltrúar foreldra hafa verið boðaðir á fund skóla- og frístundasviðs, vegna þessa miðvikudaginn 11. maí kl. 16:00

Foreldrar í leikskólanum Mýri verða upplýstir um gang mála og kallaðir til eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

Hildur Skarphéðinsdóttir,

skrifstofustjóri leikskólamála SFS

---

**11.5.2016 - Fengið úr fundargerð Skóla- og frístundaráðs dagsettri 11.5.2016:**

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-98-8>

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. maí 2016, um málefni leikskólans Mýrar. SFS2016050047

- Kl. 12:40 vikur Valgerður Janusdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Við gerum alvarlegar athugasemdir við óviðunandi upplýsingagjöf til skóla- og frístundaráðs vegna hugsanlegrar lokunar leikskólans Mýrar. Á fundi ráðsins miðvikudaginn 27. apríl óskaði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar væru breytingar á leikskólastarfi í Vesturbænum vegna fækkunar barna í ákveðnum árgöngum, t.d. hvort til stæði að loka leikskóladeildum í hverfinu. Engar upplýsingar voru látnar í té á fundinum. Aðeins tveimur dögum síðar, 29. apríl, fengu foreldrar leikskólabarna á Mýri bréf frá skóla- og frístundasviði um að upp væri komin óvissa um framtíð leikskólans og að verið væri að skoða framtíð hans. Í bréfinu voru foreldrar upplýstir um að hafnar væru viðræður um einkavæðingu starfseminnar, þ.e. að leikskólinn Ós tæki yfir rekstur Mýrar en í bréfinu sagði jafnframt að ekki væri komin niðurstaða í þær viðræður. Ljóst er að umrædd óvissa um rekstur leikskólans Mýrar skapaðist ekki á þeim stutta tíma, sem leið frá lokum fundar ráðsins miðvikudaginn 27. apríl þar til foreldrunum barst umrætt bréf á föstudegi. Það er með algerum ólíkindum að skóla- og frístundaráð sé ekki upplýst um að óvissa ríki um rekstur ákveðins leikskóla í borginni og að verið sé að skoða hugmyndir um einkavæðingu hans. Það er svo sjálfsagt grundvallaratriði að ekki ætti að þurfa að taka það fram, að komi upp óvissa um framtíð skóla eða annarrar stofnunar er heyrir undir skóla- og frístundaráð, sé ráðið upplýst svo fljótt sem unnt er og án undanbragða um þá alvarlegu stöðu. Hið sama gildir að sjálfsgöðu um þegar hafnar eru viðræður við einkaaðila um að taka að sér slíka starfsemi hvort sem starfsemin er í óvissu eður ei. Því miður er þetta ekki fyrsta dæmið um leyndarhyggju gagnvart kjörnum fulltrúum varðandi lokun leikskóla, sbr. lokun leikskólans Sjónarhóls í Grafarvogi á sl. sumri. Óskað er eftir því að slíkar upplýsingar verði veittar greiðlega í framtíðinni enda allsendis óviðunandi að kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði þurfi að lesa um það í fjölmiðlum að óvissa sé uppi um framtíð einstakra skóla og að hafnar séu viðræður um einkavæðingu þeirra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna leggja áherslu á að umræða um framtíð leikskólans Mýrar er á vinnslustigi og standa yfir viðræður við foreldra á leikskólunum Mýri og Ósi um næstu skref. Engar ákvarðanir hafa verið teknar en málið verður að sjálfsgöðu unnið áfram í góðu samstarfi við foreldra, starfsfólk og fulltrúa í skóla- og frístundaráði.

---

#### **17.5.2016 - Fundur fulltrúa foreldra og starfsfólks á Mýri með Hildi Skarphéðinsdóttur, :**

**Hópur:**

**Efni:** *Fundur með fulltrúum foreldra og starfsmanna*

**Viðstaddir:** Hildur Skarphéðinsdóttir; Gísli Hrafn Atlason fulltrúi starfsmanna; Daði Helgason; Atli Rafn Viðarsson og Ingibjörg fulltrúar foreldra og Ingibjörg M Gunnlaugsdóttir.

**Fundardagur:** 17. maí 2016

**Tími:** 16:00:00 - 16:30:00

**Fundarstaður:** Borgartún 12-14

Hildur greindi frá því hvernig unnið var með tillögu fulltrúa Mýrar sem lögð var fram á fundi 11. maí s.l. Framkvæmdastjórn hefur fallist á að verða við ósk foreldra um að fresta fyrirhugaðri lokun Mýrar

um eitt ár eins og tillagan fól í sér. Leitað verður til leikskólastjóra í nágrennaleikskóla um að stýra leikskólanum í þetta eina ár.

Hildur fór yfir stöðu lausra plássna í nærliggjandi leikskólum og stöðu barnahópsins sem nú er í Mýri.

Sjónarmið foreldra er að óvissu foreldra verði eytt ef þetta gengur efir og að foreldrar hafa þá tækifæri til að undirbúa flutning barnanna í annan leikskóla. Jafnframt hafa foreldrar tækifæri til að koma leikskólanum frekar á framfæri við foreldra t.d. nemendur við HÍ. Foreldrar óska eftir að ef börnum fjölgi aftur í Mýri að þá verði ekki gegnið til samninga við Ós um húsnæðið.

Fundað verður með fulltrúum Óss á morgun og líklegt er að stefnt verði að því að Ós fái húsnæðið að ári. Jafnframt er líklegt, miðað við óbreytta stöðu barnafjölda í Mýri, að Reykjavíkurborg stefni að því að hætta rekstri Mýrar óháð því hvort Ós flytur starfsemi sína.

Ákveðið var að eftir að Hildur hefur gengið frá málum við Ós og fyrirhugaðan stjórnanda á Mýri næsta vetur verður haldinn fundur með foreldrahópnum á Mýri, líklega í byrjun næstu viku.

Ingibjörg M Gunnlaugsdóttir ritaði.

---

**18.5.2016 - Atli Rafn Viðarsson, formaður foreldrafélags Mýrar, sendir eftirfarandi póst til Hildar Skarphéðinsdóttur og Helga Grímssonar, foreldrafélagsmeðlimi og Gísla Hrafn Atlason, deildarstjóra á Mýri:**

Sæl öll og takk fyrir fundinn í gær,

Var fundur með forsvarsmönnum Ósar í morgun? Ef svo, þá væri gaman að vita hvað þau sögðu varðandi þessa tillögu um að þau fengju mögulega húsnæðið haustið 2017.

Mig langar líka að þakka fyrir að taka vel í tillöguna okkar en mér (og okkur öllum) þykir miður að leikskólinn Ós sé einhver breyta ásamt barnafækkun í ákvörðunartöku varðandi lok starfsemis leikskólans Mýri. Upprunalega tillagan varðandi frestinn snéri líka að því að við fengjum möguleikann á að sækja t.d. börn háskólanema sem mögulega vita ekki af Mýri líkt og dæmin hafa sýnt síðustu ár.

Án þess að vera freki krakkinn í partýinu þætti mér vænt um að upprunalega tillagan í heild sinni verði skoðuð með útgangspunkti í janúar 2017 til að hafa einhver viðmið. Við byrjuðum líka með mjög einangraða tillögu en í handraðanum höfum við t.d. aðrar hugmyndir eins og með sameiningu leikskóla í vesturbænum osfrv.

Leikskólinn Ós er allt annað en Mýri og því viljum við, vonandi að þið virðið þann metnað okkar, gera allt sem í okkar valdi til að bjarga núverandi starfsemi leikskólans Mýri.

Fyrirfram þakkar

Kær kveðja,

Atli Rafn

---

**18.5.2016 - Tilkynning frá vinnuhópi um framtíð Mýrar, skipaður fulltrúa starfsfólks og foreldrum send foreldrum :**

Kæru foreldrar og starfsmenn,

Vinnuhópur átti fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar í gær. Efni fundarins var að ræða niðurstöðu fundar sem Framkvæmdastjórn Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar hélt á föstudaginn en þar var tillagan okkar lögð fram.

Í stuttu máli : Það verkefni sem fulltrúum RVK var falið var að tryggja áframhaldandi rekstur Mýrar í eitt ár. Næstu dagar fara í fundarhöld vegna þessa hjá fulltrúum og bíðum við vinnuhópur eftir því að fá frekari upplýsingar til að miðla áfram.

Öðru hvoru megin við helgina verður haldinn fundur með öllum foreldrum og starfsmönnum á Mýri þar sem haldin verður kynningar- og umræðufundur á framgangi mála.

Hálfur sigur en við ætlum okkur meira. Við höldum áfram að vinna í þessu máli með velferð barna okkar að leiðarljósi.

Bestu kveðjur,  
Vinnuhópur

---

**24.5.2016 - Tilkynning berst til Mýrar frá Hildi Skarphéðinsdóttur sem er áframsend á foreldra:**  
Sæl, vil með þessum pósti upplýsa ykkur um eftirfarandi tillögu sem sviðsstjóri mun leggja fyrir skóla- og frístundaráðsfund á morgun 25. maí.

**Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi Hagaborg og Mýri**

*Lagt er til að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn. Sameiningin komi til framkvæmda þann 1. ágúst 2016 og gildi til 1. júlí 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánu samstarfi við foreldra og starfsfólk.*

Verðum í sambandi um framhaldið.

Með bestu kveðju  
Hildur Skarphéðinsdóttir

---

**25.5.2016 - Fengið úr fundargerð Skóla- og frístundaráðs 25.5.2016:**

<http://reykjavik.is/fundargerd/fundur-nr-99-9>

- Kl. 14:05 tekur Valgerður Janusdóttir sæti á fundinum.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs með þeirri breytingu að sameining komi til framkvæmda þann 1. september 2016 í stað 1. ágúst 2016:

Lagt er til að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn. Sameiningin komi til framkvæmda þann 1. september 2016 og gildi til 1. júlí 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánu samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lagt fram bréf vinnuhóps foreldra barna á leikskólanum Mýri, dags. 13. maí 2016, um réttarvernd barna. SFS2016050047

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu sviðsstjóra varðandi Hagaborg og Mýri til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna Hagaborgar og Mýrar.

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu sviðsstjóra varðandi Hagaborg og Mýri til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna Hagaborgar og Mýrar. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum beggja leikskóla og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsagnir um hana. Jafnframt verði farið yfir faglegar forsendur beggja leikskóla vegna fyrirhugaðrar sameiningar.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Í framlögðu bréfi frá vinnuhópi foreldra á Mýri kemur fram mjög hörð gagnrýni á vinnubrögð Reykjavíkurborgar vegna breytinga á rekstri leikskólans. Foreldrarnir telja að afar illa hafi verið staðið að málum af hálfu borgarinnar og gera alvarlega athugasemd við samráðsleysi, skort á upplýsingum og málsmeðferð innan borgarkerfisins. Vekja foreldrarnir sérstaka athygli á að upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu hafi ekki verið fylgt og lýsa yfir gríðarlegri óánægju með samráðsleysi, skort á á fagmennsku og óvandaða stjórnsýsluhætti, sem þeir telja að einkennt hafi meðferð Reykjavíkurborgar í þessu viðkvæma máli. Ljóst er að meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ber höfuðábyrgð á þessum óviðunandi vinnubrögðum. Harkaleg gagnrýni foreldranna kemur til viðbótar gagnrýni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar- og flugvallarvina á meðferð málsins, sem fólst m.a. í því að látið var hjá líða að upplýsa á fundi ráðsins 27. apríl sl. að óvissa ríkti um framtíð Mýrar og að viðræður væru hafnar um einkavæðingu starfseminnar. Fulltrúar minnihlutans í skóla- og frístundaráði fréttu fyrst af málinu í fjölmiðlum þar sem ráðið var ekki formlega upplýst um það fyrr en 11. maí. Enn ein kúvendingin í málinu kemur síðan með tillögu um sameiningu Hagaborgar og Mýrar, sem lögð er fyrir fund ráðsins í dag. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina óska eftir því að þær athugasemdir, sem fram koma í skjali vinnuhóps foreldra á Mýri, verði hafðar að leiðarljósi í yfirstandandi vinnu um framtíðarskipan leikskólans.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans áretta að mikil áhersla er lögð á samráð við foreldra og starfsfólk á Mýri í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á starfsemi leikskólans. Mikil fækkun er fyrisjáanleg á fjölda barna á leikskólanum, en áætlanir gera ráð fyrir 25 börnum í haust, eða næstum helmingi færri en

verið hefur. Þá eru blikur á lofti varðandi starfsmannamálin sem kallar á aðgerðir. Tillaga um samrekstur Mýrar og Hagaborgar á næsta starfsári byggir á því að koma til móts við meginósk foreldra um aðlögunartíma en jafnframt skjóta styrkari stoðum undir starfsemina á Mýri, á komandi starfsári.

---

#### **29.6.2016 - Fengið úr fundargerð Skóla- og frístundaráðs 29.6.2016:**

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-101-7>

4. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, frá fundi skóla- og frístundaráðs 25. maí 2016:

Lagt er til að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn. Sameiningin komi til framkvæmda þann 1. september 2016 og gildi til 30. júní 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánu samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2016, um faglegar forsendur sameiningar Hagaborgar og Mýrar. Enn fremur lagðar fram umsagnir foreldraráðs Mýrar, foreldra barna á leikskólanum Mýri, starfsfólks á Mýri, foreldraráðs Hagaborgar, foreldrafélags Hagaborgar og starfsfólks Hagaborgar. SFS2016050047

Samþykkt og vísað til borgarráðs með 4 atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokks sitja hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki er komið til móts við óskir foreldra um að endanleg ákvörðun um lokun leikskólans Mýri verði tekin 2017 í stað 1. september 2016.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sameining yfirstjórnar leikskólanna Hagaborgar og Mýrar er rökrétt skref til að tryggja börnum á Mýri faglegt umhverfi á næsta starfsári. Komið hefur verið til móts við óskir foreldra á Mýri um rúman aðlögunartíma áður en ákvörðun um lokun leikskólans komi til framkvæmda.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Nú liggur fyrir áætlun um að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn frá og með 1. september 2016 og gildi til 30. júní 2017. Einnig liggur fyrir að eigi síðar en þegar sameiningarferlið hefst, þ.e. 1.9.2016, verði tekin lokaákvörðun um hvort leikskólastarf á Mýri verði

alfarið lagt niður 30. júní 2017 sem er lokadagur sameiningarferlisins. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla og frístundaráði leggja til að lokaákvörðun um lokun Mýrar verði seinkað frá 1. september 2016 fram til 1. nóvember 2016 til að öllum hlutaðeigandi gefist betra ráðrúm til að meta stöðu mála eftir að sameiningarferlið hefur staðið yfir í nokkurn tíma og reynsla þess farin að koma í ljós.

Frestað.

---

#### **7.7.2016 - Fengið úr fundargerð Borgarráðs 7.7.2016:**

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5415>:

Liður 20:

20. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 29. júní 2016, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs s.d. á tillögu að sameiningu leikskólanna Hagaborgar og Mýrar. R16070012  
Tillagan er samþykkt með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sameining yfirstjórnar leikskólanna Hagaborgar og Mýrar er rökrétt skref til að tryggja börnum á Mýri faglegt umhverfi á næsta starfsári. Komið hefur verið til móts við óskir foreldra á Mýri um rúman aðlögunartíma áður en ákvörðun um lokun leikskólans komi til framkvæmda.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Foreldrar barna á leikskólanum Mýri leggjast gegn því að ákvörðun um lokun skólans verði tekin í sumar og óska eftir því að starfsemi hans verði endurmetin á árinu 2017. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki er komið til móts við þessar óskir.

Valgerður Janusdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

---

#### **10.8.2016 - Fengið úr fundargerð Skóla- og frístundasviðs, 10.8.2016:**

Sjá lið 10 um húsnæðisstyrk til Óss fram til 30. júní 2017:

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-102-11>

10. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. ágúst 2016, tillaga um að greitt verði húsnæðisframlag til Barnaheimilisins Óss frá ágúst 2016 til 30. júní 2017. Jafnframt lögð fram drög að viðauka við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til leikskólans Óss. Enn fremur lagðar fram reglur um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið fyrir börn 18 mánaða til 6 ára, samningur um framlag til sjálfstætt starfandi leikskólans Óss fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, dags. 19. maí 2010 og viðauka við samning um framlag til

sjálfstætt starfandi leikskólans Óss fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, dags. 23. febrúar 2015.

SFS2016060176

Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til leikskólans Óss samþykktur og vísað til borgarráðs.

Svo er fjallað um Mýri í lið 4:

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 29. júní 2016:

Nú liggur fyrir áætlun um að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn frá og með 1. september 2016 og gildi til 30. júní 2017. Einnig liggur fyrir að eigi síðar en þegar sameiningarferlið hefst, þ.e. 1.9.2016, verði tekin lokaákvörðun um hvort leikskólastarf á Mýri verði alfarið lagt niður 30. júní 2017 sem er lokadagur sameiningarferlisins. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði leggja til að lokaákvörðun um lokun Mýrar verði seinkað frá 1. september 2016 fram til 1. nóvember 2016 til að öllum hlutaðeigandi gefist betra ráðrúm til að meta stöðu mála eftir að sameiningarferlið hefur staðið yfir í nokkurn tíma og reynsla þess farin að koma í ljós.

Samþykkt.

SFS2016050047

Sami fundur:

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 6. júlí 2016:

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 2.480 þús. kr. á árinu 2016 til að fjármagna húsnæðisstyrk til leikskólans Óss, sbr. erindi sviðsins dags. 30. júní 2016, mál nr. SFS2016060176. Kostnaðarauka verði mætt á kostnaðarstað 09205, ófyrirséð, og ráðstafað á kostnaðarstað D204. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2016: Skóla- og frístundasvið: 2.480.000. Ófyrirséð: -2.480.000. Tillagan felur ekki í sér breytingu á þjónustu Reykjavíkurborgar og þarfnast því ekki jafnréttismats. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Jafnframt er lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 30. júní 2016. R16010225  
Samþykkt.

Valgerður Janusdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

---

**11.8.2016 - Póstur frá Ingibjörgu Margrét Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúa Fagskrifstofu leikskólamála, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur þar sem neðangreindur útdráttur fylgir me**



4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 29. júní 2016:

Nú liggur fyrir áætlun um að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaddir undir eina stjórn frá og með 1. september 2016 og gildi til 30. júní 2017. Einnig liggur fyrir að eigi síðar en þegar sameiningarferlið hefst, þ.e. 1.9.2016, verði tekið lokaákvörðun um hvort leikskólastarf á Mýri verði alfarið lagt niður 30. júní 2017 sem er lokadagur sameiningarferlisins. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði leggja til að lokaákvörðun um lokun Mýrar verði seinkað frá 1. september 2016 fram til 1. nóvember 2016 til að öllum hlutadeigandi gefist betra ráðrúm til að meta stöðu mála eftir að sameiningarferlið hefur staðið yfir í nokkurn tíma og reynsla þess farin að koma í ljós.

Samþykkt.  
SFS2016050047

2.11.2016 - Bréf berst Foreldrafélagi Mýrar, dagsett 31.10.2016 :



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 31. október 2016  
SFS2016050047  
6.0

Foreldrafélag Mýrar

**Efni: Ósk um umsögn**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. október 2016 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. október 2016.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að hætt verði rekstri leikskólans Mýrar frá og með 1. júlí 2017. Foreldrar barna sem nú eru á Mýri fái forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sviðsstjóra er falið að stofna samráðshóp sem saman stendur af fulltrúum stjórnenda á Mýri, foreldrum barna á Mýri og fulltrúa skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samráðshópurinn ber ábyrgð á upplýsingagjöf og samráði við foreldra og skipuleggur yfirfærslu barnanna á nýja leikskóla. Samráðshópurinn aðstoðar starfsmenn Mýrar við að finna sambærileg störf og gætir að hagsmunum þeirra er kemur að vinnurétti. Samráðshópurinn hefur umsjón með lokun leikskólans, frágangi gagna og skilum húsnæðis. Samráðshópurinn starfar til 1. september 2017 en þá er miðað við að öllum verkþáttum sé lokið.

Greinargerð fylgir.

Lögð var fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu sviðsstjóra varðandi rekstur leikskólans Mýrar til umsagnar foreldraráðs, foreldrafélags og starfsfólks leikskólans Mýrar.


Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata var samþykkt.

Hér með er tillögunni komið á framfæri og óskað eftir að umsögn foreldrafélags leikskólans Mýrar berist skóla- og frístundasviði eigi síðar en 14. nóvember 2016 á netfangið [anna.gardarsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.gardarsdottir@reykjavik.is)

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

**Hjálögð Greinargerð:**



Reykjavík, 21. október 2016  
SFS2016050047  
107. fundur / fskj. 1/2  
HG/img/sb

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi rekstur leikskólans Mýrar***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að hætt verði rekstri leikskólans Mýrar frá og með 1. júlí 2017. Foreldrar barna sem nú eru á Mýri fái forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sviðsstjóra er falið að stofna samráðshóp sem saman stendur af fulltrúum stjórnenda á Mýri, foreldrum barna á Mýri og fulltrúa skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samráðshópurinn ber ábyrgð á upplýsingagjöf og samráði við foreldra og skipuleggur yfirfærslu barnanna á nýja leikskóla. Samráðshópurinn aðstoðar starfsmenn Mýrar við að finna sambærileg störf og gætir að hagsmunum þeirra er kemur að vinnurétti. Samráðshópurinn hefur umsjón með lokun leikskólans, frágangi gagna og skilum húsnæðis. Samráðshópurinn starfar til 1. september 2017 en þá er miðað við að öllum verkþáttum sé lokið.

**Greinargerð:**

Á 99. fundi skóla- og frístundaráðs var lögð fram tillaga um að sameina leikskólana Hagaborg og Mýri undir eina stjórn. Sameiningin kæmi til framkvæmda þann 1. september 2016 og gildi til 1. júlí 2017. Á fundinum var samþykkt vísa tillögunni til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga Hagaborgar og Mýrar og að farið yrði yfir faglegar forsendur leikskólanna Hagaborgar og Mýrar í tengslum við tillögu um sameiningu leikskólanna.

Á 101. fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt tillaga um að sameina leikskólanna Hagaborg og Mýri undir eina stjórn frá 1. september 2016 til 30. júní 2017. Jafnframt var lagt minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um faglegar forsendur sameiningarinnar ásamt umsögnum foreldraráða, foreldrafélaga og starfsfólks Mýrar og Hagaborgar.

Á 102. fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt tillaga Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að lokaákvörðun um lokun Mýrar yrði seinkað frá 1. september 2016 til 1. nóvember 2016 til að svigrúm gæfist til að meta stöðu mála eftir að sameiningarferlið hefði staðið yfir í nokkurn tíma og reynsla þess farin að koma í ljós.

Þann 1. september 2016 voru leikskólarnir Hagaborg og Mýri sameinaðir tímabundið undir eina stjórn til eins árs, að fenginni tillögu vinnuhóps sem skipaður var fulltrúum foreldra og starfsfólks. Ástæðan var bæði vegna breytinga á yfirstjórn Mýrar og fækkunar barna í Vesturbæ.

Á Mýri eru nú 29 börn, af þeim eru 9 börn á elsta ári, 8 börn fædd 2012, 9 börn fædd 2013, 2 börn fædd 2014 og eitt barn fætt árið 2015. Til að halda uppi metnaðarfullu leikskólastarfi þarf að tryggja góða aldursblöndun og þurfa börnin að hafa val um félag. Ekki er fyrirjáanleg fjölgun barna á leikskólaaldri í Vesturbænum í náinni framtíð og hefur stýring í leikskólum í Vesturbæ verið færð niður um 53 pláss og af þeim eru 15 pláss á Mýri. Þann 20. október 2016 voru 16 pláss laus í Vesturbæ.

Mikilvægt er að eyða óvissu um framtíð Mýrar og taka ákvörðun um framhaldið. Fyrri röksemdir standa óbreyttar þar sem faglegar og rekstrarlegar forsendur eru ekki nægjanlega sterkar. Undir þær röksemdir taka núverandi stjórnendur Hagaborgar og Mýrar, Ólafur B. Bjarkason leikskólastjóri og Ásta Kristín Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri en þau mæla með lokun Mýrar. Stærð leikskólans skapar erfiða rekstrareiningu, starfsmannahópurinn er fámennur og lítið má út af bregða. Fjarlægðin á milli leikskólanna gerir það að verkum að dýrmætur tími fer í ferðir og erfitt er að samnýta. Húsið nýtist illa þar sem áður voru 47 börn og matarkostnaður er hár þar sem matur er aðkeyptur.

---

Reykjavík, 21. nóvember 2016

#### Umsögn starfsfólks Mýrar vegna lokunnar leikskólans 1. júlí 2017

Starfsfólk Mýrar hefur skilning á erfiðu rekstrarumhverfi leikskóla borgarinnar í Vesturbæ þar sem fækkun hefur orðið á börnum á leikskólaaldri þar. Ekki er fyrirsjáanleg fjölgun á börnum á leikskólaaldri í hverfinu í náinni framtíð samkvæmt skóla- og frístundasviði borgarinnar og treystir starfsfólk því að sviðið hafi kynnt sér það mál vel með tilliti til næstu ára ásamt byggingu nýrra fjölbýlishúsa t.d. á „Lýsisreit“ og „Valsreit“. Að því gefnu skiljum við vel að rekstri leikskólans Mýri verði hætt.

Að undirlagi foreldra og starfsfólks á Mýri var lokun leikskólans frestað frá 1. september 2016 fram til sumarsins 2017. Tilkypping um lokun leikskólans barst foreldrum og starfsfólki skólans í byrjun maí 2016 og fresturinn til lokunar var því afar knappur. Starfsfólk Mýrar harmar þau fljótvirknislegu og illa ígrunduðu vinnubrögð sem skapaði bæði óvissu og óánægju meðal foreldra og starfsfólks á Mýri. Við bendum því á að þegar og ef og þegar skóla- og frístundasvið borgarinnar stendur í slíkum breytingum í framtíðinni sé það gert með meiri fyrirvara þannig að foreldrar hafi tíma til að velja nýjan skóla fyrir börnin sín og starfsfólk hafi einnig tíma til að skoða starfsaðstæður sína.

Starfsfólk Mýrar tekur undir tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs frá 21. október 2016 um að foreldrar á Mýri fái forgang fyrir börn sín og fari fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Við bendum jafnframt á að þar sem leikskólinn lokar 1. júlí þurfi börnin að geta byrjað á nýja leikskólanum þriðjudaginn 1. ágúst eftir fjögurra vikna sumarfrí. Grunnskólar borgarinnar hefja störf nokkru seinna og því getur verið að ekki sé pláss fyrir börnin þann 1. ágúst. Skóla- og frístundasvið þarf að tryggja að svo sé. Við bendum einnig á að gera þetta í góðu samstarfi við foreldrana og á það kannski sérstaklega við foreldra þeirra barna sem eru að byrja í grunnskóla í ágúst 2017. Einhverjum foreldrum kann að finnast erfitt að fara með barnið á nýjan leikskóla í um þrjár vikur áður en það byrjar í grunnskóla. Við hvetjum því sviðið til að vinna að þessu í góðu samstarfi við foreldra og starfsfólk Mýrar.

Starfsfólk Mýrar tekur einnig undir tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs frá 21. október 2016 um að starfsfólk Mýrar fái aðstoð við að finna sambærileg störf innan borgarinnar og gætt sé að réttindum og hagsmunum hvers og eins starfsmanns þegar kemur að vinnurétti. Það þarf því að bjóða öllu starfsfólki viðtal þar sem farið er yfir stöðuna og þar sem starfsfólk Mýrar getur komið óskum sínum á framfæri.

Fyrir hönd starfsfólks Mýrar  
Gísli Hrafn Atlason